

Stjórn Gígjunnar, vinnufundur laugardaginn 5. mars 2016 kl. 11:00-16:00

Mættar, Dagbjört Lára Ottósdóttir formaður, Una Þórey Sigurðardóttir varmaður, Þórhildur Kristjánsdóttir varaformaður, Bryndís Bjarnarson meðstjórnandi og Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri

Fundargerð:

1. **Uppfærsla heimasíðunnar**, Dagbjört greindi frá að Aðalheiður hefur sagt sig frá umsjón heimasíðunnar. Umræður sköpuðust um hvort eigi að uppfæra eða fá nýja heimasíðu. Formanni og Bryndísi falið að skoða heimasíðuna og kanna hvort hægt sé að nýta hana áfram. Umræður um fésbók og fésbókarsíðu Gígjunnar, stjórnin leggur áherslu á að mikilvægt að minna Kóra á að setja upplýsingar inn á fésbókarsíðuna.
2. **Tónverkasjóður**, farið var yfir reglur sjóðsins, rætt var um sjóð (SFH) Samtök flytjenda og höfunda sem úthlutaði stofnstyrk í Tónverkasjóð, umræður um hvort hægt sé að sækja um styrk til sjósins. Guðlaugu falið að skoða hvort stjórnin geti sótt um í SFH. Stjórnin leggur til að reglum sjóðsins verði breytt á næsta aðalfundi, helstubreytingar verði gerð í 1. málsgrein kafla um markmið og tilgang tónverkasjóðsins. Þórhildi falið að vinna drög að breytingum að reglum tónverkasjóðs. Samþykkt að setja umsóknareyðublað á heimasíðuna svo það sé aðgengilegra fyrir kórana að sækja um styrk.
3. Styrkir og tekjuöflun til Gígjunnar, umræður um hvar er hægt að sækja um styrki til landsambandsins. Ljóst er að aðalstyrktarhafi til menningarstarfs kvenna Menningarsjóður Hlaðvarpans hefur verið lagður niður. Nauðsynlegt er að finna aðra leið til að finna styrki. Bryndís og Þórhildi falið að finna leiðir til tekjuöflunar með styrkjum eða öðrum leiðum.
4. Lög Gígjunnar, farið var yfir lög Gígjunnar. Umræður sköpuðust um 1.mgr. 2. Gr. markmið að efla starfsemi kvennakóra. Þórhildur gerði grein fyrir að greinin sé óþörf þar sem hlutverk Gígjunnar hafi ekki verið að efla starfsemi kvennakóra heldur og efla samstarf kvennakóra almennt. Vísað til aðalfundar þar sem lög sambandsins verða tekin til endurskoðunar. Umræður um 2. Mgr. 3. Gr. stjórn er sammála um að efla betur þann lið og efla frekar fræðslu og námskeiðahald. Einnig var rætt um 3. mgr. 3. gr. um undirbúning kvennakóramóta, miklar umræður um landsmótsutanumhaldið og hvort gerlegt sé að leggja á kvennakóra að halda landsmót og hvort þeir hafi fjárhagslegt bolmagn til þess. Lagt til að ræða hvort eigi að breyta ut anumhaldi landsmóta á formannafundi. Stjórnin leggur til að landsmót verði haldið á fjögurra ára fresti. Stjórnin leggur til að bæta við grein um að halda formannafund með formönnum fyrir aðalfund ár hvert svo hægt sé að taka umræður með formönnum um málefni landsambandið og kvennakóra almennt.
5. Norrænt samstarf, NTN, Guðlaug greindi frá ferð sinni til Finnlands þar á fund um samstarf á milli Norðurlandanna, Svíar sendu ekki fulltrúa sinn á fundinn. Kom fram að eingöngu eru landsamtök kvennakóra í Finnlandi og Íslandi, Finnar hafa verið duglegastir að halda norræn kvennakóramót og hafa verið leiðandi í þeim efnum. Guðlaug sagði að fyrirhugað kvennakóramót í Svíþjóð muni ekki verða haldið og greindi frá að stórt innanlands

kvennakóramót verði haldið í Uppsölum og þar geti verið vettvangur til að hafa samstarfsfund á þeim tíma og hvetja að stofnun kvennakórasambandi í Svíþjóð. Umræður um samstarf kóra almennt á norðurlöndunum. Gígjan mun áfram fylgjast með norrænu samstarfi.

6. Önnur mál, Aðalheiður Gunnarsdóttir hefur sagt sig frá störfum Gígjunnar, hún hefur verið vefstjóri Gígjunnar undanfarin ár. Stjórn Gígjunnar þakkar Aðalheiði vel unnin störf í þágu Gígjunnar.

Fundargerð ritaði Bryndís Bjarnarson.